

# REIM2GÞ05 – Reiðmennska verklegt III – Grunnþjálfun hrossa

***Kennarar: Áslaug Fjóra Guðmundsdóttir og Freyja Hilmarsdóttir***

**Lýsing:** Meginviðfangsefni áfangans er að kenna nemendum grunnþjálfun hesta á líkamlegum og andlegum forsendum hestsins og nota til þess mismunandi vinnuaðferðir og nálgun við þjálfun hesta. Nemendur læra að nýta helstu fimmiæfingar til að bæta jafnvægi og liðleika hestsins ásamt því að farið er í fjölbreytta teymingarvinnu og vinnu við hönd. Farið er í notkun brokkslár og notkun léttrar ásetu. Einnig er riðið er yfir hindranir.

**Forkröfur:** HEST1GF05, REIM1GF05, FÓHE1GR03 (Eða HEM202 og REM203)

**Þekkingarviðmið:**

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- helstu þjálfunarhugtökum og skilgreiningum sem liggja þeim að baki.
- muninn á andlegu jafnvægi og spennu hjá hestum.
- einföldum fimmiæfingum og þjálfun þeirra (grunnur), hliðargangsæfingum s.s. að víkja, framfótasnúningi og krossgangi.
- mismunandi vinnuaðferðum og nálgun við þjálfun hesta.
- fjölbreyttri teymingarvinnu, hringteymingum og vinnu við hönd.
- taumsambandi og taumhaldi, helstu forsendum og notkun.
- öllum helstu ásetum forsendum þeirra og notkun.

**Leikniviðmið:**

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- hugsa rétt um hesta, fóðra þá og meta líkamlegt ástand s.s. holdastig og almennt heilbrigði.
- nýta sér búnað og aðstöðu og fjölbreyttar aðferðir til að hámarka góðan árangur við þjálfun hests.
- grunnþjálfu rétt gangtegundir (utan skeiðs).

- nota allar ásetur markvisst.
- grunnþjálfna hest á líkamlegum og andlegum forsendum hestsins, jafnvægi og gott form.
- nota helstu fimíæfingar (grunnur) til að bæta jafnvægi og liðleika hestsins.
- setja upp skynsamlegar aðstæður við þjálfun hests og leggja mat á árangur.

## **Hæfniviðmið:**

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- geta aðstoðað við fjölbreytta þjálfun hests á hestvænum forsendum.
- geta unnið sjálfstætt við margvísleg svið hestamenskunnar í samráði við reyndari aðila í faginu.
- geta miðlað grunnþekkingu fagsins og hjálpað minna reyndum af öryggi.
- láta hestinn víkja um fram og afturhluta.
- hafa vald á lóðréttri ásetu, stígandi ásetu og háfléttri ásetu.
- geta riðið gangskiptingar markvisst og af nákvæmni á öllum gangtegundum (nema skeiði).
- geta riðið við slakan taum og langan taum.
- geta riðið einfaldar fimíæfingar (krossgang og framfótasnúning).
- hafa gott vald á að nota reiðvöllinn rétt.
- tileinka sér rétt viðhorf gagnvart hestinum bæði í reiðmennsku og umgengni.
- geta látið hestinn fara rétt yfir brokkslár og stökkva yfir lága hindrun.
- nota mismunandi vinnuaðferðir og nálgun við þjálfun hesta.
- geta nýtt sér á fjölbreyttan hátt, hringteymingar og vinnu við hönd.
- nota rétt taumhald og ríða hestinum í taumsambandi.
- nota hömlun (half halt).

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

**Mætingarreglur: Sérstakar mætingarreglur eiga við í verklegri reiðmennsku. Mætingarskylda er í alla tíma.**

**Við 8. Fjarvist (fjórða tvöfalda tímanum) er nemandi fallinn á mætingu. Sé nemandi veikur og geti ekki komið í tíma þarf hann að sýna frammi á vottorð frá lækni innan við viku frá tímanum sem nemandinn forfallaðist í.**

**Verið í góðu sambandi við kennara ef einhver forföll eru.**

**Námsmat:**

**Þjálfunarstund – að meta knapa og hest – 20 %**

**Hringteymingarpróf - 10 %**

**Hindrunarstökk – 10 %**

**Gangskiptingar og Æfingar - 20 %**

**Knapamerki 3 – Prófi - 30 %irgni – 10 %**

---

**Lokaeinkunn 100%**

Haustönn 2023

Vika: Dags:	Námsefni:	Kennari:
1 – 34 18.ágúst-20.ágúst	Upphaf kennslu – Hestar skoðaðir og létt hreyfing í byrjun annar	Áslaug Fjóra
2 – 35 21.ágúst-27.ágúst	Nemendur fá að prófa mismunandi hesta. Kennarar og nemendur velja í sameiningu hest í Þjálfunarverkefni. Vinna svo með sama hest í tvær vikur og skilgreini hann – Nemendur æfi sig að meta kosti og galla hests og leggi mat á hvað má bæta og setja sér markmið sem knapa. Einnig á að setja sér markmið að bæta sig sem knapa.	Áslaug Fjóra
3 – 36 28.ágúst-3.sept	Þjálfun skólahesta - Nemendur hafi sama hest í tvær vikur og gera þjálfunarplan – Nemendur æfi sig að meta kosti og galla hests og leggi mat á hvað má bæta hjá hesti og knapa <b>Lesu kafla 5 - Þjálfun</b>	Áslaug Fjóra
4 – 37. 4.sept-10.sept	Þjálfun skólahesta - Nemendur hafi sama hest í tvær vikur og geri skriflegt þjálfunarplan og skila því til kennara – Nemendur æfi sig að meta kosti og galla hests og leggi mat á hvað má bæta hjá hesti og knapa – Svörun hvetjandi og hamlandi ábendinga, æfingar, gangskiptingar og gæði gangtegunda. <b>4.sept&gt;Skila inn þjálfunarplani</b>	Áslaug Fjóra
5 – 38 11.sept-17.sept	Þjálfun skólahesta – <b>Verkefnið Þjálfunarstund – Próf</b> Hringteymingar - Sætisæfingar – Stígandi áseta og skipta á skástæðum og æfa jafnvægi í léttri ásetu	Áslaug Fjóra
6 – 39 18.sept-24. sept	Hringteymingar / Sætisæfingar Farið í Half halt og Fimíæfingar – frammfótasnúningur – krossgang	Áslaug Fjóra
7 – 40 25.sept-1.okt	Hringteymingar - Sætisæfingar æfa léttu ásetu Vinna með brokkspírur og hindrunastökk – fimíæfingar	Áslaug Fjóra
8 – 41 2.okt-8.okt	<b>Hringteymingar Próf</b> Vinna með að ríða hestinum yfir brokkspírur og hindrunarstökk	Áslaug Fjóra
9 – 42 9.okt-15.okt	Hindrunarstökk / Æfingar og gangskiptingar <b>Haustfrí 12 og 13 Október</b>	Áslaug Fjóra
10– 43 16.okt-22.okt	Hindrunarstökk og fimíæfingar ( Próf - miðannarmat ) Miðannarmat 20. Okt <b>Hindrunarstökk – Verkefni/Próf</b>	Áslaug Fjóra
11 – 44 23.okt-29.okt	Fimíæfingar – Frammfótasnúningur og krossgangur Reiðleiðir, æfingar og gangskiptingar	Áslaug Fjóra
12 - 45 30.okt-5.nóv	Gangskiptingar, stökkþjálfun og tölt Fimíæfingar - Sætisæfingar	Áslaug Fjóra
13 – 46 6.nóv-12.nóv	<b>Gangskiptingar og æfingar – Próf</b> - Knapamerki 3 undirbúningur Reiðleiðir og æfingar. Gangtegundir þjálfaðar	Áslaug Fjóra
14 – 47 13.nóv -19.nóv	Knapamerki 3 undirbúningur Reiðleiðir og æfingar. Gangtegundir þjálfaðar	Áslaug Fjóra
15 – 48 20.nóv – 26.nóv	Undirbúningur fyrir Knapamerki 3 – Sætisæfingar	Áslaug Fjóra
16 – 49 27.nóv-3.des	Undirbúningur fyrir Knapamerki 3 – Gangtegundir og æfingar	Áslaug Fjóra
17 – 50 4.des-10.des	4,5 og 6 des síðustu kennsludagar - <b>Knapamerkjapróf 3</b> 7 og 8 des <b>PRÓFAVIKA</b>	Áslaug Fjóra
18 – 51 11.des – 17.des	<b>PRÓFAVIKA</b> Námsmat og Jólafrí	Áslaug Fjóra